



Upplýsingar til fjölmiðla
frá
skrifstofu forseta Íslands

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag kl. 17:00.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands voru fyrst veitt árið 1996. Markmið þeirra er að verðlauna námsmenn sem unnið hafa framúrskarandi starf við úrlausn verkefna sem styrkt eru af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Fimm verkefni eru tilnefnd til verðlaunanna í ár:

1. Áhrif aldurs á utangenamerki mannsins en það er unnið af Martin Inga Sigurðssyni.
2. Geo-Breeze sem unnið er af Hildigunni Jónsdóttur og Valdimar Olsen.
3. Nýsköpun í sýndarverum, en það er unnið af Hrafni Þorra Þórisssyni.
4. Rafmagnsflugan en það er verkefni Steinþórs Bragasonar.
5. Þráðlaus mæling stökkkrafts, sem er verkefni Guðfinnu Halldórsdóttur og Björns Ómarssonar.

Við athöfnina munu forseti Íslands, fulltrúi stúdenta í stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna og formaður dómnefndar flytja ávörp.

Fréttamönnum og ljósmyndurum er boðið að vera viðstaddir athöfnina. Að lokinni verðlaunaafhendingu verður sköpuð aðstaða á Bessastöðum til að fréttamenn geti rætt við verðlaunahafa.

28. febrúar 2007

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (s. 540-4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (s. 896-3028) og Hildur Erlingsdóttir (s. 696 6250).